

Þriðjudaginn 31. október 1989.

Nr. 365/1989. **Ákærvaldið**

gegn

**Ólafi Erni Ólafssyni.**

Kærumál. Dómsátt úr gildi felld.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. september 1989. Krefst hann þess, að dómsátt, sem varnaraðili undirgekkst í sakadómi Kópavogs 15. september 1989, verði úr gildi felld.

Varnaraðila var kynnt kæra ríkissaksóknara 6. október 1989 í sakadómi Kópavogs, og fékk þá frest til 23. sama mánaðar. Þann dag var m.a. fært til bókar:

„Fyrir dóm er kominn kærði og lögmaður hans, Örn Clausen hrl. Lögmaðurinn lýsir yfir því, að ekki verði haldið uppi vörnum og ekki skilað inn greinargerð af hálfu ákærða. Lögmaðurinn víkur frá. Kærði krefst þess, að hin kærða dómsátt standi óbreytt.

Kærði tekur fram, að hann telji, að ekki séu heimildir til á grundvelli 101. og 102. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, að svipta sig réttindum, sem hann hefur ekki, og vísar kærði í því sambandi til dóms Hæstaréttar frá 27. júní 1988.“

Að kvöldi 30. desember 1988 var varnaraðili handtekinn vegna grunar um ölvun við akstur bifreiðarinnar M 2356 um götur í Reykjavík þá um kvöldið og að hafa ekið á tvær bifreiðar og ekið á brott af árekstursstað. Alkóhólmagn í blóði varnaraðila reyndist við rannsókn 1,66 ‰. Hinn 15. september 1989 samþykkti varnaraðili í sakadómi Kópavogs að greiða 50.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs auk málskostnaðar fyrir brot þetta, sem í dómsáttinni er talið varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr., 4. gr. og 10. gr., sbr. 100. gr., umferðarlaga. Honum var ekki gert að sæta ökuleyfissviptingu.

Samkvæmt fyrirbyggjandi sakavottorði varnaraðila var honum með dómsátt í sakadómi Kópavogs 29. nóvember 1988 gert að

greiða sekt og sæta ökuleyfissviptingu í eitt ár fyrir brot gegn 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr., áfengislaga, nr. 82/1969.

Samkvæmt upplýsingum frá sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem ríkissaksóknari hefur lagt fyrir Hæstarétt, var ökuskírteini fyrst gefið út til handa varnaraðila 10. apríl 1973. Tilvísun varnaraðila í 101. og 102. gr. laga nr. 50/1987 og dóm Hæstaréttar, sem varnaraðili vísar til, á því ekki við í máli þessu.

Samkvæmt framansögðu var varnaraðili sóttur um ítrekað brot gegn 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Samkvæmt 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga skal við slíkar aðstæður svipta mann ökuréttindum eigi skemur en í þrjú ár. Framangreind málalok voru því óheimil að lögum. Ber því samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 að fella hina kærðu dómsátt úr gildi.

#### D ó m s o r ð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

#### Sátt gerð í sakadómi Kópavogs 15. september 1989.

Ár 1989, föstudaginn 15. september, er dómþing sakadóms Kópavogs háð í skrifstofu bæjarfógeta af Krístrúnu Kristinsdóttur fulltrúa.

Fyrir er tekin rannsókn í tilefni kæru um brot gegn umfl., K-62/89.

Dómari leggur fram: nr. 1: lögregluskýrslu, nr. 2: varðstjóraskýrslu, nr. 3: framburðarskýrslu, nr. 4: blóðtökuvottorð, nr. 5: niðurst. alkóhólrannsóknar, nr. 6: sakarkostnaðaryfirlit, nr. 7: sakavottorð.

Skjölin fylgja.

Nafn: Ólafur Örn Ólafsson, heimili: Holtagerði 8, Kópavogi, fæðingardagur: 020356-3169.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt frá 30.12.1988.

Hann samþykkir að greiða 50.000,00 kr. í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málsókn út af brotinu, sem varðar við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr., 1. mgr. 48. gr., 4. gr. og 10. gr., sbr. 100. gr. umfl.

Sektin greiðist fyrir 5.12.1989, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 20 daga.

Málskostnaður, 3.178,00 kr., greiðist fyrir sama tíma.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðara brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómari lét málsókn falla niður.

---